

BORGARRÁÐ 30. júní 2022: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um álit borgarlögmans um leiðbeiningarskyldu heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur - MSS22060244

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur starfar í umboði heilbrigðisnefndar Reykjavíkurborgar og sér um að framfylgja lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lögum um matvæli nr. 93/1995 og öðrum þeim lögum og reglugerðum er um starfsemina gilda. Öllum sveitarfélögum í landinu er skylt að starfrækja sérstakt heilbrigðiseftirlit. Lagt er til að borgarlögmaður veiti álit á því hvort heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur beri leiðbeiningarskyldu sbr. 7. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, gagnvart þeirri starfsemi og þeim aðilum sem það hefur eftirlit með, eða sem snerta starfssvið þess.